# Jón Guðmundsson og Sigríður Þórðardóttir, Bakkastíg 8

Bjarni Benediktsson – Jón Guðmundsson og Sigríður Þórðardóttir, Bakkastíg 8

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-7, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

R København 24
Nr. 984

p

Herra prófessor

4/41

DANMARK 5 ØRE POSTFRIMÆRKE

DANMARK 50 ØRE

Bjarni Benediktsson

Laugaveg 66

Reykjavík Island

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

...fs. Björnsson Nordre Frihavnsgade 31 København Ø

REYKJAVÍK
28. X. 39. 10

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ráðst. $\frac{1}{4}$ af $\frac{1}{2}$ = $\frac{1}{8}$ afnotta

konan erfir $\frac{1}{4}$ af $\frac{3}{8}$ = $\frac{3}{32}$

sonur erfir afganginn = $\frac{9}{32}$

---

Konan hefur þá $\frac{23}{32}$ til umráða
Af því erfa hálfbörnin 2 — $\frac{1}{2}$ eða
$\frac{23}{64}$, en þörfin $\frac{23}{64}$

72. gr.: Nú vanrækir það hjóna, sem eftir lifir, framfærsluskyldu sína eða rýrir efni búsins að verulegum mun með vanhirðu á fjármálum sínum, misbeitingu á rétti sínum yfir búinu eða með annari óhæfilegri aðferð, eða það getur tilefni til að óttast megi slíka rýrnun, og getur þá hver fjárráða erfingi ... krafist búskipta.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

700.-
1500.- þei
800.-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hausthúsum
2/12 - 1938

Elsku Dóri minn:
þakka þér innilega fyrir bréfið.
Ég hef verið latur undanfarna daga, mest held ég af þreytu og nokkru svefnleysi, því síðustu vikuna sem pabbi þinn lifði vakti ég mikið yfir honum þó við hefðum alltaf stúlkur til hjálpar meðan hann lá. —
Maður má þakka Guði fyrir að hann fékk að hvílast því mikið þjáðist hann síðustu vikurnar sem hann lifði. Hann gat ekki hugsað sér að verða þjáður

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Fossvogi (Nýja Kirkjugarðinum)
svo við fengum legstað fyrir
okkur boð í gamla ~~Kirkjugarð~~
Kirkjugarðinum, við hliðina
á mömmu þinni sálugu. –
Það sýndu hve margir hlut-
tekningar og vináttu við
frá fall pabba þíns og var
jarðarförin mjög fjölmenn.
Stjórn „Dagsbrúnar" bar hann
inn og út úr kirkjunni
og svo gáfu þeir með sokka
upp á útfararkostnaðin
sem kom sér vel. –
Áður en pabbi þinn dó
gerðum við samning með

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

okkur (sem geymdur er hjá lög-
manni) að það sem eftir yrði
af þessum reitum við frá-
fall okkar gengi náttúrlega
til þín að mestu leyti (sam-
kvæmt núgildandi erfðalögum)
og einhver lítil skipti milli
Siggu litlu nöfnu minnar (dóttir
Siffa) og Jóns nefna pabba
þíns sonar Sigga Ingu.
Húskofinn og lóðin eru náttúr-
lega ekki virt hátt nú sem
stendur, en ómögulegt er ekki
að lóðin hækkaði í verði síðar-
meir. Eg fæ sem stendur
80 kr á mánuði í húsaleigu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og með það alt ég að geta kom-
ist af og borgað þau afgjöld
sem ~~lögin~~ [blöðin] þarf að greiða. –
Kristinn maður þinn sér um
húsaleiguna fyrir mig og sér
um að þetta gangi alt eins
og áður. Mig langar til meðan
ég er þó ~~svona~~ hress að
vera hér áfram í Kofanum
náttúrlega sakna ég pabba þíns
mikið, en það eru allir ósköp
góðir við mig og sérstaklega
hef ég mikla ánægju af
litlu nöfnu minni sem
er fram úr skarandi efnilegt
barn. Ég vona að þessar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2

hvor hitti þig frískan

og þú sért kominn heim aftur

af spítalanum. Mér þótti það

ekki góðar fréttir að heyra að

þú værir kominn þangað. —

En vona alt hins besta. —

Siggi skrifar þér líka og

sendir þér úrklippur

úr blöðunum. —

Eg bið ósköp vel að

heilsa Steininum og Halldóri

og vertu sjálfur ~~kærl~~

kærkvaddur af

þinni systir

Sigr. Þórðard

Eg vona þú skrifir nú við

tækifæri, það þótti mér mjög

vænt um.

A F S A L

Ég undirrituð Sigríður Þórðardóttir, til heimilis á Bakkastíg 8 hér í bæ, sel hér með og afsala Reykjavíkurhöfn húseign minni nr. 8 við Bakkastíg hér í bænum, ásamt allri tilheyrandi eignarlóð, sem er að stærð,samkv. fasteignamati Reykjavíkur, 1258 $m^2$ og öllu, sem eigninni fylgir og fylgja ber, að engu undanskildu, fyrir umsamið kaupverð kr. 25.000.00 -

--------------- TUTTUGUOGFIMMÞÚSUNDKRÓNUR -------------------------

Kaupandi greiðir kaupverðið þannig:

1. Að hann tekur að sér að greiða sem sína skuld veðdeildarlán, sem á eigninni hvílir, í Landsbankanum, nú að eftirstöðvum kr. 3.182.02
2. Með því að seljandi tekur leigu af eigninni til 14. maí n.k. ........................................ " 1.012.50
3. Greiðir í peningum við undirskrift þessa afsals ... " 20.805.48

Kr. 25.000.00

Kaupandi tekur við eigninni í því ástandi, sem hún nú er í, og er hún í ábyrgð hans frá afsalsdegi.

Kaupandi greiðir vexti og kostnað af áhvílandi veðdeildarláni frá 1.þ.m. og alla skatta og gjöld frá 1. jan. 1941.

Seljandi skal hafa sagt öllum núverandi leigendum í húsinu upp íbúðum þeirra með löglegum fyrirvara fyrir 14. maí n.k.

Brenni húseignin eða verði fyrir öðrum skemdum á tímabilinu til 14. maí n.k., sem gera það að verkum, að hún verður ekki hæf til íbúðar, skal kaupandi greiða seljanda það, sem á vantar,að hann njóti leigunnar til 14. maí, samkv. 2. lið greiðsluskilmálanna.

Kaupandi heldur kaupi sínu til laga en seljandi svarar til vanheimilda fyrir sölunni.

Til staðfestu ritum við nöfn okkar hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, 7. okt. 1940.

KAUPANDI: SELJANDI:

Vitundarvottar:

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við undirrituð hjón, jeg Jón Guðmundsson og jeg, Sigríður Þórðardóttir, bæði til heimilis Bakkastíg 8 í Reykjavík gjörum hjermeð með okkur svolátandi arfleiðslugjörning:

1) Hvort okkar, sem lifir hitt skal erfa það, er fyrr læst, svo sem frekast er heimilst, lögum samkvæmt með tilliti til sonar Jóns, Þórðar.

2) Við lát þess okkar, er síðar andast, skulu börnin, Jón Magnús Sigurðsson, Hringbraut 180, Reykjavík og Sigríður Þóra Sigfúsdóttir, Bakkastíg 8, Reykjavík, taka arf svo sem nemur helmingi búsins, eins og það var við lát þess, er fyr andaðist meðan til hrekkur, en það, sem umfram kann að verða, rennur til Þórðar Jónssonar.

3) Arfur sá, er börnin taka samkvæmt framansögðu skal skiptast að jöfnu milli þeirra.

4) Arfur sá, er börnunum fellur samkvæmt framansögðu, skal standa óhreyfður í varðveislu sjerstaks tilsjónarmanns og undir umsjón yfirfjárráðanda þar til þau ná 16 ára aldri.

5) Sem tilsjónarmann með erfðahluta barnanna tilnefnum við Kristinn E. Andrésson, magister, Njálsgötu 72, Reykjavík.

6) Arfleiðsluskrá þessari getur hvorugt okkar rift án samþykkis hins. Heldur ekki getur það, er lengur lifir, gjört nokkrar þær ráðstafanir um eignir búsins, með arfleiðsluskrá eða dánargjafagjörningi, að í bága fari við arfleiðsluskrá þessa.

Reykjavík, 11. janúar 1938.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1938, þriðjudaginn 11. janúar mættu fyrir undirrituðum fulltrúa notarii publici í lögmannsskrifstofunni í Arnarhvoli hjónin Jón Guðmundsson og Sigríður Þórðardóttir, til heimilis að Bakkastí 8 , hjer í bæ, sönnuðu identitet sitt og lögðu fram fyrir mig ofanritaða arfleiðsluskrá, dagsetta í dag. Las jeg hana hátt fyrir þeim [og eftir að hafa strykað út setninguna í þriðju grein hennar: "Nú deyr ...... til hins"], undirritaði Jón, en Sigríður handsalaði Sigfúsi Jónassyni undirskrift sína undir arfleiðsluskrána í viðurvist minni og notarialvottanna. Gjörðu þau það af fuúsum vilja og með fullu ráði og kváðu skrána hafa síðasta vilja sinn að geyma.

Notarialvottar voru þær Dyrleif Árnadóttir og Annie Helgason, sem báðar vinna hjer á skrifstofunni.

Notarius pbublicus í Reykjavík

D.u.s.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Guðmundsson

Bakkastíg 8

faðir þórða
sem er einbirni.
sögð erfðaskrá

lést í ~~[illegible]~~
nóv. '38.

— —

Ekkja Sigríður þórðard.
(móðursyst. þ.).

leyfi t.a. sitja í ósk. bú-
veitt með því sk., að þinglýst
væri, að hvorki mætti selja né
veðsetja húseign eða lóð nema með
samþ. þ.

— — — — — —

Fóstursystk. 1) Sig. E. Ingimundar
Hringbr. 180
hefur komið vel fram.

2) þóra Vigfúsd.
kona Kristins Andr., sem
er sjálfstæðism. Sigríðar
3) Sigfús Jónasson vandræðm.

— —

Erfðaskrá sögð til handa
börnum Sig. I. og Sigf. J.
1000.- kr. handa hvoru
annað til yðar.

Reyna að fá afskrift af erfðaskrá
og athuga hvort réttilega sé frá
gengið.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

alveg nýlega frá þessum gengið
vegna þess að á gjöldum stóð.
Lagt inn dags. 17/7. '39. þessum þingl

Bakkast. 8.
Veðdeild Landsbankans
1. veðr. dags. 5/8. '38.  3500,- kr
Bæjarsjóður Rvíkur.
Lögtak f. útsvari 19/4 '39.  60,- kr.

Sagt, að gamla konan láti Kristínu
fá alla sína peninga, svo að
Sigfús hafi naumast þessa
peninga út úr henni.
1500,- kr. víxilinn á að vegna
borga miðum af húsaleigunni